

**573. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 12.  
maí 2021  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 573 lögmætan.

Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að fundargerð 43. fundar Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar, sem er með málsnúmer 2105001F verði tekin á dagskrá og var það samþykkt.

**Dagskrá:**

**1. Virkjun Hólsár - 2102649**

Lögð fram lokadrög dags. 12.05.2021 að skýrslu um frumhönnun á Hólsárvirkjun unnin af Verkís.

Unnar Númi Almarsson og Þorbergur Steinn Leifsson frá Verkís voru gestir á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað undir þessum lið og kynntu innihald skýrsludraganna.

*Lagt fram. Afgreiðslu frestað til fundar sveitarstjórnar í júní n.k.*

**2. Endurskoðun og ársreikningar 2020 - 2102631**

Ársreikningar ársins 2020 lagðir fram til síðari umræðu.

*Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um kr. 29.399.000 en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um kr. 26.350.000. Samanlögð rekstrarniðurstaða A og B hluta er neikvæð um kr. 22.448.000 en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um kr. 22.116.000. Reikningar eru samþykktir samhljóða.*

**3. Yfirfærsla Tálknafjarðarvegar (617-02) frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps - 1911581**

Samningur Vegagerðarinnar og Tálknafjarðarhrepps um yfirfærslu Tálknafjarðarvegar (617-02) frá innsta íbúðarhúsi að skóla og íþróttamannvirkjum, frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps, lagður fram til staðfestingar.

*Sveitarstjórn samþykkir samning um yfirfærslu Tálknafjarðarvegar (617-02) frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps í samræmi við framlagðan samning, með þeim fyrirvara að ástand vegarins í lok framkvæmda verði tekið út og verði í samræmi við útböðsgögn. Sveitarstjóra er falið að rita undir samninginn með þessum fyrirvara.*

#### 4. Strandgata, umsókn um framkvæmdaleyfi - 2103040

Umsókn frá Vegagerðinni dags. 1. apríl 2021 um framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar Strandgötu/Tálknafjarðarvegs um þéttbýlið á Tálknafirði frá Strandgötu 2 að gatnamótum við Tálknafjarðarskóla.

Mál frá 53. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 05.05.2021 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi verði gefið út fyrir framkvæmdinni.

*Sveitarstjórn samþykkir að framkvæmdaleyfi verði gefið út vegna endurbyggingar Strandgötu/Tálknafjarðarveg um þéttbýlið á Tálknafirði frá Strandgötu 2 að gatnamótum við Tálknafjarðarskóla í samræmi við tillögu Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar.*

#### 5. Hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við Íþróttamiðstöð Tálknafjarðar - 2103078

Erindi frá Orkubúi Vestfjarða dags. 11.03.2021 þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla á Tálknafirði sumarið 2021.

Mál frá 53. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 05.05.2021 þar sem tekið var jákvætt í erindið og lagt til við sveitarstjórn að farið verði í samstarf við Orkubú Vestfjarða um uppsetningu á hleðslustöð við Íþróttamiðstöðina.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið, felur sveitarstjóra að ræða við Orkubú Vestfjarða um málið og leggja samning fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.*

#### 6. Leigusamningur og samkomulag - 2001036

Erindi frá Traustum kjarna dags. 07.05.2021 þar sem óskað er eftir því að leigusamningi vegna Strandgötu 10 verði rift.

*Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að leigusamningi við Traustan kjarna vegna Strandgötu 10 verði rift og felur sveitarstjóra að ganga frá samningslokum.*

*Jafnframt samþykkir sveitarstjórn með fjórum atkvæðum að fela sveitarstjóra að auglýsa eignirnar Strandgötu 10 og Strandgötu 11 til sölu.*

*B.S.H. situr hjá við afgreiðslu málsins.*

#### 7. Ísland ljóstengt - 2102639

Samningur Fjarskiptasjóðs og Tálknafjarðarhrepps dags. 30.04.2021 vegna styrks að upphæð kr. 2.200.000,- vegna uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli lagður fram til staðfestingar.

Jafnframt er lagður fram til staðfestingar Viðauki 3 við samstarfssamning Tálknafjarðarhrepps og Snerpu um lagningu, eignarhald og rekstur ljósleiðara frá 22.12.2016. Fjallar viðaukinn um áfanga 2021-1 frá Polli að Kvígindisfelli.

Lilja Magnúsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og óskaði eftir því að víkja af fundi við afgreiðslu málsins. Var það samþykkt.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðan samning Fjarskiptasjóðs og Tálknafjarðarhrepps dags. 30.04.2021 vegna styrks vegna uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli ásamt viðauka 3 við Snerpu um lagningu, eignarhald og rekstur ljósleiðara frá Polli að Kvígindisfelli.*

**8. Boð um að gerast aðili að Háskólasetri Vestfjarða - 2104055**

Erindi frá Háskólasetri Vestfjarða dags. 15.04.2021 þar sem Tálknafjarðarhreppi er boðin aðild að Háskólasetri Vestfjarða.

*Sveitarstjórn telur ekki rétt að gerast sérstakur aðili að Háskólasetri Vestfjarða að svo stöddu, enda er það nú þegar aðili að setrinu í gegnum Vestfjarðastofu.*

**9. Staðir Places 2021 í Arnarfirði - 2105007**

Erindi frá Stöðum dags. 04.05.2021 þar sem óskað er eftir því að Tálknafjarðarhreppur bætist í hóp styrktaraðila Myndlistaverkefnisins Staða.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið, óskar verkefninu velferðar en telur þó ekki rétt að bætast í hóp styrktaraðila þess.*

**10 Skipan í nefndir Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2018-2022 - 1807038**

Lögð fram tillaga Ó-lista um að Jón Ingi Jónsson taki sæti sem aðalmaður í Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar í stað Benedikts Davíðs Hreggviðssonar.

*Tillagan er samþykkt samhljóða.*

**11 Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 53 - 2104003F**

Fundargerð 53. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 05.05.2021.

*Fundargerð er staðfest.*

*Sveitarstjórn bendir á í máli 11.3 (lóð Dunhaga) að sveitarfélagið mun ekki bera kostnað vegna stækkunar lóðar ásamt því að mikilvægt er að þrengja ekki að lóð Tálknafjarðarskóla.*

*Sveitarstjórn bendir á í máli 11.9 (byggingarleyfi Snæból) að mikilvægt er að hafa samráð við Vegagerðina um tengingu lóðar við Tálknafjarðarveg.*

11.1 2009255 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi

11.2 2103057 - Strandsvæðisskipulag

11.3 1905085 - Lóð stærð lóðar við Dunhaga

11.4 2105001 - Deiliskipulag í Hrafnadal

11.5 2103040 - Strandgata framkvæmdir 2021

11.6 2102649 - Hólsá virkjun Hólsár

- 11.7 2104107 - Umsókn um byggingarleyfi, vatnsendurvinnsla
- 11.8 2103078 - Hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við Íþróttamiðstöð Tálknafjarðar
- 11.9 2104043 - Snæból, umsókn um byggingarleyfi
- 2104073 - Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál
- 11.10
- 11.11 2104071 - Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál

## 12 Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 43 - 2105001F

Fundargerð 43. fundar Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd sem fór fram 11.05.2021.

*Fundargerðin er staðfest.*

*Sveitarstjórn fagnar frumkvæði UMFT í uppsetningu pannavelli og körfuboltaspjöldum á gamla íþróttasvæðinu við Hólsá og þakkar jafnframt UMFT gott starf í þágu ungmenna á Tálknafirði í gegnum tíðina.*

*Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með að búið sé að ráða í allar stöður í Tálknafjarðarskóla fyrir starfsárið 2021-2022.*

- 12.1 2105050 - Pannavöllur
- 12.2 2104030 - Tengiliður við Fjölmenningarsetur
- 12.3 2103091 - Aukið félagsstarf fullorðinna 2021 vegna COVID-19
- 12.4 2103144 - Vinnuskóli 2021
- 12.5 2009231 - Félagsmiðstöð 2020-2021
- 12.6 2105022 - Sumar 2021 upplýsingabæklingur
- 12.7 2103051 - Starfsáætlun og skóladagatal 2021-2022
- 12.8 2105051 - Starfsmannamál Tálknafjarðarskóla 2021-2022.
- 12.9 2103050 - Upplýsingargjöf skólastjóra 2021

12.10 2103128 - Áskorun til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.

12.11 2104115 - Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2021

12.12 2105032 - Skólar á grænni grein - framúrskarandi menntaverkefni í átt að aukinni sjálfbærni

### 13 **Rekstraryfirlit 2021 - 2105049**

Rekstraryfirlit fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2021 lagt fram.  
*Lagt fram.*

### 14 **66. Fjórðungsping Vestfirðinga - 2105028**

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 07.05.2021 þar sem boðað er til 66. fjórðungspings Vestfirðinga sem fer fram miðvikudaginn 02.06.2021 í Hótel Bjarkalundi í Reykhólahreppi.  
*Lagt fram.*

### 15 **Orlof húsmæðra 2021 - 2104026**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 07.04.2021 þar sem tilkynnt er um að framlag sveitarfélaga til orlofsnefnda á hverju svæði skulu vera kr. 120,51 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins.  
*Lagt fram.*

### 16 **Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf 2021 - 2105026**

Erindi frá Landskerfi bókasafna hf. dags. 04.05.2021 þar sem boðað er til aðalfundar miðvikudaginn 19.05.2021.  
*Lagt fram.*

### 17 **Landsáætlun í skógrækt 2021-2031 - 2105044**

Erindi frá Skógræktinni dags. 07.05.2021 þar sem óskað er eftir umsögn um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætluninnar.  
*Lagt fram.*

### 18 **Landgræðsluáætlun 2021-2031 - 2105037**

Erindi frá Landgræðslunni dags. 06.05.2021 þar sem óskað er eftir umsögn um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar

**19 Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra - 2104090**

Erindi frá nefndasviði Alþngis dags. 21.04.2021 þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006 (gagnsæi, skráning og vinnsla persónuupplýsinga), 668. mál, er sent til umsagnar.

*Lagt fram.*

**20 Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021 - 2101521**

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

*Lagt fram.*

**21 Strandsvæðisskipulag - 2103057**

Fundargerð 5. fundar svæðisráðs um gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum sem fór fram 03.03.2021.

*Lagt fram.*

**22 Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, ársreikningur 2020 og fundargerð - 2105040**

Fundargerð 63. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga sem fór fram 26.04.2021 ásamt árreikningi samtakanna fyrir árið 2020.

*Lagt fram.*

**23 Fundargerðir 2021 Vestfjarðarstofu - 2102683**

Fundargerð 35. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu sem fór fram 29.03.2021.

*Lagt fram.*

**24 Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594**

Fundargerð 897. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 30.04.2021.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 22:00.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---